

## Hagsmunafélag húseigenda og íbúa við Melateig 1-41

2020/13

Hagsmunafélag húseigenda og íbúa við Melateig 1-41 hélt stofnfund sinn 22. nóvember 2001.

Félagið var stofnað til þess að geta farið fram á það við Akureyrarbæ að bæjarsjóður endurgreiddi íbúum gatnagerðargjöld. Krafan byggðist á þeim forsendum að lóðarhafar við Melateig hafi greitt fullt gatnagerðargjald auk þess sem lóðarhöfum hafa verið gert að sjá alfarið um gatnagerð við götuna.

Einnig var þess krafist að bærinn tæki yfir götumannvirki, gangstéttir, götulýsingu og opin grassvæði við götuna, léti breyta eignaskiptayfirlýsingum í samræmi við það og gæfi út lóðarleigusamninga fyrir hvert hús.

Eftir að Akureyrarbær hafði hafnað kröfum félagsins var kæran send til félagsmálaráðuneytisins, sem úrskurðaði að Akureyrarbæ hafi verið óheimilt að innheimta full gatnagerðargjöld. Þrátt fyrir það héldu málaferlin áfram.

Árið 2009 komst Hagsmunafélag Melateigs og Akureyrarbær að samkomulagi um yfirtöku bæjarins á Melateig og um breytingu á deiliskipulagi til að endurspegla þetta nýja samkomulag. Samkomulagið var samþykkt 8. september 2009.

Breytingarnar á deiliskipulaginu voru samþykktar á bæjarstjórnarfundum 17. nóvember 2009. Eftir að nýja deiliskipulagið hafði verið samþykkt, búið var að opna fyrir Melateig út í Miðteig og eigendur eigna við götuna höfðu skrifað undir nýja eignaskiptayfirlýsingu taldist málinu lokið.

Á aðalfundi félagsins fyrir árið 2009, sem var haldinn 26. apríl 2010, var ákveðið að félaginu yrði slitið eigi síður en 1. október sama haust og ráðstafa og skipta eignum þess fyrir þann tíma.

Afhendingin barst frá Leif Brynjólfssyni íbúa við Melateig og er þetta eina afhendingin sem safninu hefur borist frá þessum skjalamyndara.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

17. júlí 2020

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Hagsmunafélag húseigenda og íbúa við Melateig 1-41</b>			
<b>A-Hagsmunafélag húseigenda og íbúa við Melateig 1-41</b>		<b>1998- 2011</b>	
<b>Hagsmunafélag húseigenda og íbúa við Melateig 1-41</b>			<b>2020 / 13</b>
2020 -	A/1	1	2001- 2009 Fundargerð stofnfundar 2001. Fundargerðir aðalfunda 2002-2009.
2020 -	A/1	2	2001- 2010 Fundargerðir stjórnarfunda 1.-49. 2001-2010. Fundargerðir almennra funda 2002-2009.
2020 -	A/1	3	2002- 2007 Rekstaryfirlit 2002. Ársreikningar 2004-2007.
2020 -	A/1	4	2004- 2004 Umboðsbréf íbúa við Melateig þar sem þeir gefa Braga Halldórssyni umboð til að sjá um mál sín varðandi lögsóknina.
2020 -	A/1	5	2004- 2011 Kennitala og reikningsnúmer félagsins; vottorð um þinglýsta eigendur húsana við Melateig 2004; bréf frá Búmönnum og listi yfir fólk sem býr í Melateigi og er í Búmönnum 2004; bréf frá bæjarstjórn Akureyrar til félagsins 2011.
2020 -	A/2	1	2003- 2003 Götumál 2003; fundargerðir bæjarráðs þar sem m.a. er fjallað um Melateigsdeiluna; bréf frá Hagsmunafélaginu til bæjarráðs; bréf til og frá félagsmálaráðuneytinu; bréf milli lögfræðinga og félagsmálaráðuneytis; tillaga Akureyrarbæjar.
2020 -	A/2	2	2004- 2005 Götumál 2004; matsgerð og stefna; bréfasamskipti við félagsmálaráðuneytið og lögfræðinga 2004-2005.
2020 -	A/2	3	2005- 2006 Götumál 2005-2006; samskipti við lögmenn; bréf til umboðsmanns Alþingis; bréf til og frá félagsmálaráðuneytinu.
2020 -	A/2	4	2007- 2007 Götumál 2007; samskipti við lögmenn; samskipti við umboðsmann Alþingis.
2020 -	A/2	5	2008- 2008 Götumál 2008; samskipti við lögmenn; álit umboðsmanns Alþingis.
2020 -	A/3	1	2009- 2009 Götumál 2009; samskipti við lögmenn; samkomulag Akureyrarbæjar og íbúa Melateigs; fundargerðir bæjarráðs þar sem m.a. er fjallað um Melateigsdeiluna; lokatillaga Akureyrarbæjar vegna Melateigs; tillaga að yfirlýsingu og samkomulagi milli Akureyrarbæjar og íbúa Melateigs.
2020 -	A/3	2	2010- 2010 Götumál 2010; umboðsbréf; samskipti við lögmenn; eignaskiptayfirlýsing; teikningar af götunni.
2020 -	A/3	3	2001- 2004 Bréfasamskipti við Hyrnu; stefna Hyrnu gegn Akureyrarbæ.
2020 -	A/3	4	1998- 1998 Skipulag og skilmálar á Eyrastrandsholti.
2020 -	A/3	5	1999- 1999 Lóðarleigusamningur fyrir Melateig.
2020 -	A/3	6	2000- 2010 Eignaskiptayfirlýsingar; samningur við Akureyrarbæ.
2020 -	A/3	7	2001- 2002 Yfirlýsing frá Hyrnu vegna gatnagerðargjalda við Melateig; bréfasamskipti varðandi gatnagerðargjöldin.
2020 -	A/3	8	2001- 2002 Bréf til fasteignasölunar Byggð; bréf til bæjarstjórnar Akureyrar; svör bæjarstjórnar Akureyrar; afgreiðsla á bæjarstjórnarfundum; bæjarstjórnarfundur um Melateig 1-41 (sérstakur fundur); dreifibréf frá Hagsmunafélaginu.
2020 -	A/3	9	2002- 2003 Samskipti Lögmenn Klapparstíg við félagsmálaráðuneytið: samskipti félagsmálaráðuneytis við Akureyrarbæ vegna Melateigs.

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
2020 - A/3	10	2002- 2003	Umsögn frá lögmanni Akureyrarbæjar; samskipti við skipulagsstofnun.
2020 - A/4	1	2001- 2001	Götumæling á Melateigi gerð af Svanbergi Þ(?).
2020 - A/4	2	2002- 2003	Samskipti Hagsmunafélagsins, Akureyrarbæjar og félagsmálaráðuneytisins við Lögmennt Klapparstíg; samskipti Lögmennt Klapparstíg við Hagsmunafélagið, Akureyrarbæ og félagsmálaráðuneytið.
2020 - A/4	3	2003- 2007	Gögn frá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála vegna Melateigs.
2020 - A/4	4	2002- 2003	Gögn vegna úttektar tækni- og umhverfissviðs á Melateigi.
2020 - A/4	5	-	Gögn um samanburðarsvæði B. (Tengt málaferlum félagsins)
2020 - A/4	6	2010- 2010	Teikningar af Melateigi.
2020 - A/4	7	-	Dómsúrskurður í máli Sveins Heiðars gegn Akureyrarbæ vegna Holtateigs 2-54. Tengd málaferlum Hagsmunafélagsins.
2020 - A/4	8	2002- 2002	Bréf hagsmunafélagsins til Akureyrarbæjar varðandi Lindasíðu.